

5. gr.

Lóðaleigur.

Ársleiga kr. 7.00—25.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

6. gr.

Þjónustu- og aðstoðargjald.

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands hf. Miðast gjaldið við mesta leyfðan flugtaksþunga flugvélna og er kr. 350.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 350.00.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni í innanlandsflugi.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellið eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvellið gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.324
Á hvert U. S. Gallon	— 1 224

8. gr.

Gjöld af sjóflugvélum.

Sjóflugvélur er lenda á Skerjafirði skulu greiða sambærileg gjöld og landflugvélur á flugvellið.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og Flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967 og með síðari breytingum, sbr. auglýsingar nr. 1 4. janúar 1968, nr. 332 31. desember 1968 og nr. 40 28. febrúar 1969.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár og Krákár. Heimili þess og varnarþing er Skútustaðir, Skútustaðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá í S.-Þing. frá neðri merkjum Presthvammis þvert yfir ána að Mývatnsósastíflum ásamt Arnarvatnsá, Arnarvatni, Helluvaðsá, Gautlandalæk og Kráká, en þær eru:

Presthvammur, Kasthvammur, Árhvammur, Hólar, Árhólar, Hamar, Hofsstaðir, Nónbjarg, Geirastaðir, Haganes, Arnarvatn, II., III., IV., Litlaströnd, Baldursheimur I. og II., Þórólfsvoll, Heiði, Bjarnastaðir, Gautlönd I. og II., Helluvað I. og II., Laxárakki, Brettingsstaðir, Ljótstaðir, Auðnir, Þverá, Halldórsstaðir I., II., III.,

IV., Birningsstaðir, Brúar, Hvoll, Staðarhóll, Grenjaðarstaður, Búvellir, Aðalból, Álfta-gerði I., II., III., IV., Skútustaðir I., II., III. og Grænavatn I., II., III. og IV.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, 2 meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz eða aprilmánuði ár hvert.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.